

Námsvísir 2022-23  
Val á miðstigi - 5.-7.bekk  
Námsgrein: Textílmennt



Kennari/kennarar: Ólöf Inga Stefánsdóttir Gleði – Samvinna - Sjálfstæði

### Markmið

textílmennt er yfirgripsmikil grein sem felur í sér þátt hönnunar og handverks auk þess að fela í sér þjálfun og verkfærni á fjölbreyttum sviðum.

Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar á sjálfstæðan hátt. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar.

Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig um leið.

Textílmennt er ríkur þáttur í félagslegum veruleika þar sem einstaklingarnir skapa sér persónulegan stíl í klæðnaði í nánasta umhverfi sínu en auk þess læra þeir að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi.

Í textílnámi er mikilvægt að nemendur greini, meti og setji textíl í samhengi við umhverfi, menningu, listir, nýsköpun og hagnýtingu þekkingar. Í textílmennt er unnið með efni af ólíkum toga allt frá umhverfisvænum hráefnum til mengandi iðnaðarvöru. Þess vegna er mikilvægt að huga að umhverfisvernd og umhverfisvitund og stuðla að endurnýtingu og sjálfbærni.

Unnið er eftir hæfniviðmiðum aðalnámsskár  
<https://vefir.mms.is/namsmat/pdf/haefnividmid/textil/textil.pdf>

### Kennsluaðferð / vinnulag

Innlagnir og einstaklingsmiðuð kennsla er miðuð út frá þörfum nemenda hverju sinni. Nemendur fá verkefni sem þeir aðlaga eftir smekk til þess að auka færni og skapa afurð sem hefur persónulegt gildi.

### Námsmat

Lögð verður áhersla á sjálfsmat, jafningjamat og leiðsagnarmat. Endanleg umsögn og mat í lok vetrar.

### Námsgögn

Það sem nemendur þurfa til að ljúka völdu verkefni.